Landsvirkjun í uppnámi

Þegar pólitísk valdbeiting grefur undan trausti

Kári skrifar

Það sem nú hefur gerst í málefnum Landsvirkjunar er orðið að alvarlegum trúnaðarbresti. Annars vegar á milli fyrrum forstjóra og stjórnar LV og hins vegar á milli stjórnarinnar og fjármálaráðuneytisins. Með skipan nýrrar stjórnar, umdeildum samskiptum hennar við fjármálaráðuneytið og brottför Harðar Arnarsonar úr starfi forstjóra hefur skapast óvissa um stjórnarhætti, sjálfstæði fyrirtækisins og pólitíska ábyrgð ráðamanna sem virðast láta sér fátt um finnast. Þriðji trúnaðarbresturinn er síðan við eigandann sjálfan - íslensku þjóðina!

Landsvirkjun er ekki einkafyrirtæki ráðherra eða pólitískt tilraunaverkefni ríkisstjórnar. Hún er eign þjóðarinnar og ein mikilvægasta undirstaða íslensks efnahagslífs. Sjálfstæði hennar, fagleg stjórnun og langtímahagsmunir almennings verða að vera hafnir yfir skammtímasjónarmið stjórnmálamanna, jafnvel þótt sumir þeirra séu enn í taugaáfalli eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna þann 29. ágúst síðastliðinn.

Frásagnir fráfarandi forstjóra, umfjöllun um samskipti stjórnar og ráðuneytis og þær spurningar sem vaknað hafa um upplýsingagjöf ráðherrans kalla á það að öllum steinum verði velt við og vanhæfni stjórnarinnar og ráðherrans dregin fram í dagsljósið. Það nægir ekki að vísa ábyrgðinni á milli stjórnar og ráðherra. Sá sem skipar stjórn og fer með eignarhald ríkisins verður að axla pólitíska ábyrgð á því hvernig staðið er að málum. Hörður Arnarson hafði á 17 árum sannað hæfni sína til þess að reka þetta mikilvægasta orkufyrirtæki þjóðarinnar, semja við erlenda stórnotendur og greiða niður skuldir.

En frekja, ófyrirleitni og yfirgangur sumra stjórnmálamanna og þeirra sem handvaldir eru til stjórnarsetu í fyrirtækjum er slík að jafnvel íslenska á engin orð yfir það. Í núverandi ríkisstjórn er þetta einkum áberandi innan Viðreisnar. Þar fer lítið fyrir hæfni og kunnáttu en mikið fyrir frekju og yfirgangi. „Almannahagsmunirnir“ ná aldrei út fyrir fundarherbergi sama stjórnmálaflokks. Frekjan og yfirgangurinn birtist einnig í því að fara á bakvið forstjórann og jafnvel brjóta lög sem enn fremur þarf að kanna ofan í kjölinn. Ef núverandi ríkisstjórn treystir sér ekki til þess að gæta hagsmuna eigandans, þjóðarinnar, í málinu verður ríkisstjórnin að segja af sér og boða til kosninga. Til greina kæmi í framhaldinu að þjóðin kysi sjálf fulltrúa í stjórn Landsvirkjunar.

Hér er ekki einvörðungu um að ræða ágreining innan ákveðins ríkisfyrirtækis. Hér er tekist á um meginreglur góðra stjórnarhátta, faglegt sjálfstæði og traust almennings á stjórnsýslunni. Vinnubrögð Viðreisnar einkennast af fúski, vankunnáttu og dómgreindarleysi. Dómsmálaráðherra er eini ráðherra flokksins sem þó sýnir lit, svo sem í hælisleitendamálunum og því að losa þjóðina við innflutta glæpamenn, enda þótt annað sé umdeilt, s.s. fækkun lögregluumdæma og sýslumanna.

Ábyrgðin verður að hafa afleiðingar

Fjármálaráðherra getur ekki gert kröfu um traust þegar stjórnarhættir á hans ábyrgð hafa leitt til jafn alvarlegs ástands og nú blasir við. Viðreisn og ríkisstjórnin verða að horfast í augu við afleiðingar eigin ákvarðana.

Staðan er orðin svo alvarleg að eðlilegast er að fjármálaráðherra segi af sér þegar í stað. Jafnframt á stjórn LV að víkja og þjóðin að fá tækifæri til að endurmeta þá pólitísku forystu sem hefur leitt málið í þennan farveg. Landsvirkjun á ekki að vera vettvangur pólitísks valdatafls. Hún á að þjóna þjóðinni en ekki vera í herkví Evrópudrauma Viðreisnar. Að handvelja stjórnarmenn er afturför frá því fyrirkomulagi þegar fulltrúar kjósenda skipuðu stjórn Landsvirkjunar. Með því er horfið frá beinni aðkomu kjörinna fulltrúa að skipan stjórnar fyrirtækisins. Meint „fagmennska“ virðist þarna fyrst og fremst vera yfirvarp fyrir pólitíska miðstýringu, gerræði og valdníðslu.

Traust verður ekki endurheimt með yfirlýsingum. Það verður endurheimt með ábyrgð, gagnsæi og afleiðingum og brottvikningu fulltrúa braskara og landsölufólks.

[Vanhæfni ráðherra og stjórnar]
Þessa sögu þjóðin kann,
þarna bögur strjálar.
Flæmdu í ögur forstjórann,
fægilögur sálar.